

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)

NÓVEMBER 2020



11. tbl. 23. árg.

**OPIÐ**  
**8-24**  
**ALLA DAGA**  
**Á EIDISTORGI**  
**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## Nýstárleg bygging við Nýlendugötu

Nýstárleg íbúðabygging er risin á horni Seljavegar og Nýlendugötu í Reykjavík. Um er að ræða innflutt hús sett saman á staðnum. Burðarkerfi er krosslímt gegnheilt timbur sem er heilsueflandi og umhverfisbætandi byggingarmáti. Húsið er klætt með fallegu rafbrynjuðu koparlituðu báruáli sem gefur því bæði fallegt og lifandi útlit. Þarna er á ferðinni byggingarmáti sem ekki hefur verið algengur hér á landi en er eftirtektarverður.

## TRÍÓ

PIZZUR MÁNADARINS

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

- bls. 4-5  
Viðtal við  
Ellert B.  
Schram

## Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum

**AFGREIÐSLUTIMI**  
mán. – fös. kl. 8–16:30

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)

## Njóttu ferðalagsins

Stoppaðu við áður en þú heldur úr bænum

FAGLEG RÁÐGJÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

### Góð þjónusta - Lágt verð

REYKJAVÍKUR APÓTEK  
HÉÐINSHÚSINU SELJAVEGI 2 – SKEIFUNNI 11

## Hreindýrakjötið er komið

## Matarsendingar til útlanda

Hangikjöt, flatkökur, Nóa konfekt, lakkrís, reykur og grafinn lax, malt og appelsín og ýmislegt fleira.

Bláberjafötu tilboð  
**898.-**  
500gr

Jólasendingin frá Bretlandi komin.  
Jólakökur, búiðingar, sultur, bökunarvörur ofl.

Hagamel 39 - Sími 551-0224  
<http://www.melabudin.is/>

# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

11. tbl. 23. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósthúsum 107, 102 og 101.



Hugmynd að útliti fjölnota húss Vincent Tan á Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Eins og sjá má myndi byggingin fylla út í mest allt tómarúm á bakkanum.

## Dimmt á haustnóttum

Dimmt er yfir mannlífinu á þessum haustnóttum. Kórónaveiran bítur enn. Fólk flýr undan henni. Margir halda sig heima. Ferðast jafnvel innan húss. Eins og þeir geta.

Margvísleg starfsemi er í dróma. Ferðapjónustan er horfin. Allavega um skeið. Lista- og menningararf er í láginni. Margir hafa misst mikið af tekjum. Eða atvinnu sína.

Stjórnvöld hafa reynt að koma til móts við fólk eftir mætti. Þau ráða ekki við allt. Ekki þegar samfélagið er heltekið. Flest snýst um að forðast veiruna. Eða bæga henni burt. Ekki er enn ljóst hvernig þeirri baráttu líkur þótt dregið hafi úr umferð hennar öðru sinni á árinu.

Landið er enn að mestu lokað. Landsmenn eru nánast látthagafjötraðir. Rétt eins og fyrr á árum. Þegar galdeyrishöft og fáir farmöguleikar héldu fólki í greipum.

Verðslanir kaupa inn í meira mæli. Salan verður meiri. Fólk fer ekki utan til að kaupa. Ef það hefur einhverju að eyða.

Vandi margra hefur aukist. Hann sést í sókn til hjálparstofnana. Aðrir reyna að þruga við þröngan kost.

Erfitt er að sjá hversu mikið úthald fólk hefur fyrir þessari tilveru. Eins og hún birtist nú. En heldur ró sinni.

Vonandi hverfur veiran á braut. Hversu lengi hún verður að það veit enginn.

Samfélagið sem rís úr þessari dimmu getur breyst. Áherslur geta orðið aðrar. Lífsvenjur fólk verði með öðru móti þegar birtir til.

# Bygging risahúss á Miðbakka í uppnámi

Áform Vincent Tan fjárfestis frá Malasíu um byggingu rúmlega þrjátíu þúsund fermetra fjölnota húss á Miðbakka Reykjavíkurhafnar eru í uppnámi eftir að skipulag borgarinnar hafnaði hugmyndinni. Tvö ár eru liðin frá því að malasíski kaupslumaðurinn festi kaup á Geirsgötu 11 gömlu Ríkisskipaskemmuni sem síðar var í eigu Brims. Hann hefur unnið að fjármögnun og hönnun byggingarinnar frá þeim tíma. Ef leyfi á eftir að fást til framkvæmda er talið að hægt verði að hefja þær fljótlega og að hótél gæti tekið til starfa á fyrri hluta ársins 2023. Talið er að allt að 500 til 600 manns myndu starfa við bygginguna á framkvæmdatímanum og fasteignagjöld af 30 þúsund fermetra byggingu eins og þessari muni nema um 600 milljónum króna á ári.

Höfnun skipulags borgarinnar þarf ekki að koma á óvart. Skiptar skoðanir hafa verið og eru um þessa framkvæmd. Hugmyndir að byggingunni ná talsvert út fyrir lóðamörk Geirsgötu 11 og er sá hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á landi sem er í eigu Faxaflóahafna. Vincent Tan hefur ekki sótt um úthlutun á lóð til Faxaflóahafna og hefur engin vilýrði af þeirra hálfu til byggingar á Miðbakkanum. Faxaflóahafnir telja að áformin séu langt umfram gildandi skipulagslýsingu og að engin samningur sé til á milli hans og hafnarinnar. Umsóknir vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda hafi farið til skipulagsráðs Reykjavíkurborgar án þess að haft hafi verið samband við stjórn Faxaflóahafna. Við þetta bætist að innan stjórnar Faxaflóahafna eru þau sjónarmið fyrir hendi að Miðbakkanum

verði ekki úthlutað til eins aðila án þess að þar fari fram þarfagreining, hugmyndasamkeppni og hann almennt boðinn út. Ljóst er að málinu er ekki lokið og leyfisveiting til Tan Sri Vincent Tan er ekki í höfn.



## HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook

## FYRIRTAK

málningarþjónusta

TRAUST  
OG  
ÁBYRG  
ÞJÓNUSTA

[www.fyrirtak.is](http://www.fyrirtak.is) - [fyrirtak@fyrirtak.is](mailto:fyrirtak@fyrirtak.is) - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK  
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



EYECARE



# Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%  
stærra  
lessvæði



Velkomin  
í nýja  
verslun  
okkar á  
Hafnartorgi



**SJÓNMAELINGAR**  
Tímapantanir: 528 8505

**Optical Studio**  
HAFNARTORGI

# Ég hef víða komið við

- segir Ellert B. Schram

**R**itstjórinn, alþingismaðurinn og fyrst og fremst KR-ingurinn Ellert B. hefur komið víða við á langri ævi og verið í forystuhlutverki. Ellert var meðal annars formaður KSÍ, forseti ÍSÍ, varaforseti Knattspyrnusambands Evrópu og hefur nýlega látið af störfum formanns Félags eldri borgara. Í nýútkominni bók sem ber einfaldlega nafnið Ellert og rituð er af Birni Jóni Bragasyni rekur hann lífshlaup sitt í hispurlausri og líflegri frásögn, allt frá uppvaxtarárum á stóru heimili í Vesturbænum fram til dagsins í dag.

Vesturbæjarblaðið skráði morgunkaffi til hans og Ágústu konu hans í Sörlaskjólíð á dögunum. Ellert er kvikur á fæti þrátt fyrir átta áratugi á meðal vor og finnst erfitt að komast ekki í golf á meðan golfvellir eru lokaðir af coronaveiruástandum. Hann gengur um gólf í stofunni heima og fyrir utan gluggann fer kona með barnavagn hjá. Ellert orpnar svaladyrnar og ræðir um stund við konuna. Á meðan kemur Ágústa eiginkona hans með kaffi og marsipanköku. Þegar Ellert snýr aftur frá svaladyrunum hefur hann frásögn sína.

## Flestir lögðu ættarnafnið niður

“Ég heiti Ellert og í upphafi bókarinnar kem ég að því hvaðan Schram nafnið er komið. Það kemur frá dana nokkrum sem kom hingað til lands á vegum danskra kaupmanna sem réðu flestu hér á landi eftir að dönsk yfirvöld uppgötvuðu að græða mætti á þessu volaða landi í norðri. Forfaðir minn hét Christian Gynther Schram og gerðist verslunarstjóri lítt þokkaðs kaupmanns á Djúpavogi 1795. Ættarnafnið þótti ekki merkilegra en svo að festir afkomendur Christian lögðu það niður utan einn sem hét Ellert. Hann drukknaði við Vestmannaeyjar en sonur hans bar nafn Christians. Kristján Gynther Schram. Sonur hans Ellert var afi minn. Þannig hefur Schram nafnið haldist í gegnum þennan legg þótt aðrir hafi hætt að nota það.”

## Móðurafi og amma fluttu í fátækt í Reykjavík

“Ég man vel eftir Ellert afa. Hann féll frá 1961 orðinn 96 ára. Þegar



Schram systkinin með foreldrum sínum í sextugsafmæli Aldísar. Fremri röð fr.v. Anna Helga, Bryndís, Magdalena og Margrét. Aftar röð fr.v. Ólafur, Ellert, Aldís, Björgvin eldri og Björgvyn yngri.

hann var orðinn gamall maður lýsti hann tilverunni sem harðri. En fólk hafi haft mikið æðruleysi til að bera og borið vanda sinn í hljóði. Afi studdi Sjálfstæðisflokkinn og þá einkum Ólaf Thors. Hlustaði jafnan á ræður hans í útvarpinu en ef aðrir voru að tala lokaði hann fyrir. Sagði þá bara bulla. Ellert afa tókst að komast í Sjómannaskóla Markúsar Bjarnasonar, þaðan sem hann lauk prófi 1889 jafnframt því að stunda sjó. En ég er ekki bara af Schram ættinni,” heldur Ellert áfram. “Ég er Sunnlendingur í móðurættina. Aldís móðir mín var sunnlenskrar ættar. Brynjólfur faðir hennar var ættaður úr Landeyjum og Margrét móðir hennar, amma mín var einnig ættuð af Suðurlandi. Þau fluttu til Reykjavíkur þar sem fátækt og basl tók við þeim. Brynjólfur hinn afi minn stundaði sjómennsku og vann síðar við skipamóttöku. Það var á þeim tíma þegar verkamenn söfnuðust saman við höfnina snemma á morgnana og biðu þess að verkstjórinn benti á þá sem hann vildi fá til vinnu þann daginn. Misjafnt var hversu marga hann valdi og þeir sem hann gekk fram hjá máttu snáfa aftur heim. Síðar

starfaði hann við Miðbæjarskólann en hann missti heyrnina. Ég man eftir öllu þessu fólki. Þau eignuðust níu börn. Þrjú dóu í bernsku og tveir synir þeirra fórust með Leifi heppna í Halaveðrinu 1925 þar sem 33 menn fórust.”

## Í sveit í Borgarfirðinum

Ellert segist hafa verið sendur í sveit eins og algengt var með börn á þessum tíma. “Ég var í sveit á sumrin frá því ég var átt ára til 14 ára. Ég var mest í Borgarfirði. Maður var bara um kyrrt á bænum þann tíma sem ég átti að vera. Enginn bíll var þar og ekki um neitt skutl að ræða. Sveitarsíminn var kominn og hann virkaði þannig að ef hringt var þá hringdi síminn á öllum bæjum sem voru tengdir við línuna. Og þá gátu menn hlustað um hvað var verið að tala í sveitinni. Og gerðu það held ég óspart.”

## Eyrun nærri frusu

Svo tók fótboltinn við nokkuð sem Ellert er hvað þekktastur fyrir. “Ég fór að æfa með KR. Sumarið 1953 var ákveðið hjá KR að fara í ferðalag til Danmerkur. Ég var

ekki í keppnissveitinni en fékk leyfi til þess að fara með. Við fórum með Drottningunni “Dronning Alexandrine” því flug var ekki í boði. Við vorum niðri í skipinu og það var frekar vont í sjóinn. Mig minnir að flestir, ef ekki allir hafi orðið sjóveikir. En þetta var mikið ævintýri fyrir stráka á þessum tíma. Ég man líka eftir því þegar mamma sendi okkur á skíði upp í KR skála. Veðrið var ekki gott og rútan komst ekki alla leið að skálanum vegna ófærðar. Við urðum að skríða á fjórum fótum síðasta spólinn. Mér varð mjög kalt á eyrunum og varð að passa þau lengi á eftir. Ég held að minnstu hafi munað að þau myndu verða fyrir kali en ég hélt þeim þó.”

## Skrifaði fyrir Vísi öll háskólaárin

“Ég var sex ár í Verslunarskólanum. Eftir Melaskólann tók við eitt ár í gagnfræðaskóla í Vesturbænum og síðan fór ég í Verslunarskólann. Ég var þar í sex vetur því ég hélt áfram og lauk stúdentsprófi. Eftir það hafði ég hugsað mér að fara að vinna en var ýtt í háskólanám. Þá tók lögfræðin

við. Ég man að Háskólinn átti engar ritvélur svo maður varð að taka ritvél með sér í skólann. Svo komst ég upp á að standa upp á fundum og tala - að flytja ræður. Það varð til þess að ég var kosinn formaður stúdentaráðs. Ég var líka að vinna við blaðamennsku á Vísi. Gunnar frændi minn Schram var ritstjóri og ég var stundum sendur niður á þing til þess að skrifa þingfréttir og sitja þingflokksfundum hjá Sjálfstæðisflokknum. Ólafur Thors var þá formaður og svo tók Bjarni Benediktsson við af honum. Ég var með annan fótinn á Vísi öll háskólaárin. Var með aðra höndina að skrifa í Vísi og einnig að ljúka náminu.”

## Sjálfstæðismenn sátu fyrir lóðum

Svo tóku önnur störf við af þingfréttaskriftni “Já - þegar ég hafði lokið náminu var komið að því að finna aðra vinnu en að vera lausráðinn blaðamaður hjá Vísi. Ég var ráðinn í starf framkvæmdastjóra hjá borgarverkfræðingi. Þar var mikið að gera. Þetta var á þeim tíma þegar búíð var í herbröggum út um allt. Verið var að vinna að því að losna við þá búsetuhætti. Til þessu þurfti að byggja yfir fólk. Á essum tíma var mikið um að fólk væri með húsdýr inn í borginni. Þetta var arfur frá þeim tíma að sveitin náði langt inn í borgina. Fólk var með hesta og kindur og jafnvel kýr inn í borgarbyggðinni. Þessu þurfti að breyta en fara varð með gát að fólki. Húsdýrahald var tilfinningatengt hjá mörgum. Offors dugði ekki gagnvart því. En ég kynntist mörgu fólki fyrir vikni. Húsnæðisekkan var mikið og skortur á lóðum. Allir gátu ekki fengið byggingarlóð. Þannig var unnið hjá borginni að allar lóðarumsóknir voru sendar upp í Valhöll til að kanna hvort umsækjendurnir væri á flokkaskrá. Sjálfstæðismenn sátu fyrir. Ég hafði þó þá venja að hafa samband við forystumenn úr hinum flokkunum til að kanna hvort einhverja vanhagaði mjög um lóðir.”

## Svalirnar féllu og okkar maður dó

Þú varst líka alltaf í fótboltanum. “Ég var það. Lífið gekk út á að hittast, æfa og spila. Okkur KR-ingum gekk vel og við áttum margra sigra. Nokkrir voru valdir í landsliðið. Við lékum Evrópuleiki á árunum 1962 til 1963. Við urðum Íslandsmeistarar og vorum valdir

# FERSKUR FISKUR DAGLEGA

## MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Ellert ungrur þingmaður og varaformaður útvarpsráðs. Á þeim tíma var ekki sjónvarpað í júlí og Ellert var ósáttur við að heimsmeistarakeppni í knattspyrnu yrði ekki send úr fyrr um haustið.

Í að spila leik á móti breska liðinu Liverpool. Ég var fyrirliðið liðsins en við unum ekki leikinn. En þetta var byrjunin. Við vorum komnir á kortið." Ellert rifjar upp erfiðan atburð sem varð hjá íslenska landsliðinu á þessum tíma. "Á þessum tíma komst ég ekki alltaf með. Eitt sinn átti landsliðið að spila leik á móti Bretum í London. Ég átti af einhverjum ástæðu ekki heimangengt og var annar maður valinn í minn stað. Þegar þeir komu á hótelið þar sem þeir áttu að gista fór þessi maður út á svalir. Þá gerðist það að svalirnar hrundu. Maðurinn féll til jarðar og lést. Mér fannst eins og þetta væri mér að kenna. Ég hafði ekki farið með. Þessi hugsun ásótti mig."



Fjórði flokkur KR í knattspyrnu árið 1950.

Efri röð fr.v. Atli Helgason þjálfari, Garðar Árnason, Erlendur Guðmundsson, Pétur Axel Jónsson, Haraldur Baldursson, Gunnlaugur Baldursson, Ingólfur Babel og Daniel Benjamínsson. Fremri röð tr.v. Sveinn Jónsson, Ellert B. Schram, Þórólfur Beck, Heimir Guðjónsson, Magnús Ó. Schram, Leifur Gíslason og Pétur Stefánsson.

### Spilaði sex leiki með KR með þingmennskunni

"Ég hélt áfram að spila þar til ég var kostinn á þing 1971. KR gekk ekki nægilega vel um þær mundir og þeim hömuðust í mér að koma með þeim þrátt fyrir þingstörfin. Á endanum lét ég undan. Spilaði sex síðustu leikina með þeim og það tókst að bjarga KR frá því að falla. Annars var ég lengi að hætta í fótboltanum Hann togaði alltaf í

mig. Ég spilaði með Skagaströnd eitt sumar. Var víst ólöglegur því ég skráði mig aldrei í liðið. Fór bara með þeim á völlinn."

### Yngstur og elstur á þingi

Þingseta Ellerts er kafli út af fyrir sig. Hann hefur setið með hléum lengur á þingi en flestir ef nokkur annar. Var yngstur á þingi þegar hann tók þar fyrst sæti. Var einnig elstur þegar hann settist

þar um stund sem varamaður fyrir nokkru. Hann hefur líka gengt þingmennsku fyrir fleiri en einn flokk. Ellert tók þátt í prófkjöri hjá Sjálfstæðisflokknum 1978 og lenti í sjötta sæti. Fór fram fyrir Pétur Sigurðsson og Guðmund H. Garðarsson sem setið höfðu á þingi og höfðu ekki hug á því að hætta. "Geir Hallgrímsson formaður var í vanda. Hann hringdi í mig. Við ræddum þessa erfiðu stöðu. Ég sagði við Geir að ég skyldi skipta

við þá. Ég féllst á að fara aftur á listann. Í áttunda sætið. Ég sá fram á að ég yrði varaþingmaður og yrði að fá mér aðra vinnu. Þá var ég ráðinn ritstjóri hjá Vísi og síðar DV þarna sameinuðumst við Jónas Kristjánsson við ritstjórnina og störfuðum saman í 15 ár."

### Síðasti ferðafélagi Bjarna

Ellert var um tíma formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna. "Bjarni Benediktsson sem var þá formaður flokksins hringdi til mín og vildi fá mig í ferð með sér. Hann var að fara með varðskipi kringum landið til þess að hitta fólk. Þegar við vorum komnir til Siglufjarðar átti ég að spila landsleik daginn eftir svo ég fór suður á undan honum. Bjarni kom suður á eftir mér en í sömu vikunni brenna þau hjónin inni á Þingvöllum. Ég var því síðasti ferðafélagi Bjarna í hans lífi."

### Fór út í fússi og kom til baka sem krati

Ellert er aftur kosinn á þing 1983. "Þá var ég búinn að vera utan þings um tíma en til þess að sýna fram á að ég væri einhvers virði gaf ég kost á mér í fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokksins. Ég var kosin og fór í framhaldi af því fram á að verða ráðherra. Við því varð ekki orðið en ég hefði sennilega geta orðið formaður þingflokksins. En ég ákvað að ganga á dyr og skella á eftir mér. Ég var á þinginu þetta kjörtímabil en var einn. Tók ekki þátt í neinum störfum með þingflokki. Ég hætti sem forseti ÍSÍ 2006 og bauð mig aftur fram til þings 2007. Þá sem krati."

# 787

hugmyndir hafa orðið að veruleika

Sendu inn  
þína hugmynd  
á hverfidmitt.is



## Kósý jól í Systrasamlaginu



**Tarotspil, kerti & reykelsi**  
Allt sem þú þarft til galdra og gleðjast.



**Möntruskart & kristalseyrnalokkar**  
Töfrandi skart.



**Ómótstæðileg kosýföt**  
Vinsæli lífræni jóga/kosý samfestingurinn.



**Cacao & trúno**  
Kíktu í cacao, kaffi, túmerikklatte og annað góðgæti á Boðefnabarnum.



**Hugleiðslupúðar**  
Einstök gæði. Lífið er núna.



**Kork jógaþýnur**  
Sterkar, umhverfisvænar og fallegar.



**Gjafabréf er gullmoli**  
Fyrir gjafabréf Systrasamlagsins getur fengið allt þetta og meira til.



**Möntrubollar**  
Taumlaus fegurð og gæði.



Afgreiðslutími í desember.  
Mán: 11.00-16.00  
Þri-fös: 11.00-18.00  
Lau: 11.00-16.00

Systrasamlagið  
Óðinsgötu 1  
Sími: 511 6367  
www.systrasamlagid.is



Netverslun:  
systrasamlagid.is

## Guðjón Samúelsson húsameistari



Guðjón Samúelsson húsameistari var frumkvöðull á mörgum sviðum og átti veigamikinn þátt í nútímavæðingu íslensks samfélags.

Í þessari bók skoðar höfundurinn, Pétur H. Ármannsson, verk og hugmyndir Guðjóns út frá sérstöðu hans sem háskólamenntaðs arkitekts.

**Bókina prýðir fjöldi mynda og teikninga.**

## Landfylling í Skerjafirði

# Stofnanir gera athugasemdir



Tölvugerð mynd af fyrirhugaðri nýbyggð í Skerjafirði.

Nokkrar stofnanir hafa gert athugasemdir við landfyllingu vegna uppbyggingar íbúðahverfis í Skerjafirði. Í áliti Náttúrufræðistofnunar segir að sífellt hafi verið of gengið á fjörur á höfuðborgarsvæðinu og með landfyllingunni sé fyrirhugað að taka enn eitt svæðið undir byggð. Þá segir að forsendur fyrir þéttingu byggðar eigi ekki að byggjast á því að raska lífríkustu svæðum Reykjavíkur. Í umhverfismati í tillögunni kemur fram að tillagan sé í alla staði talin neikvæði fyrir lífríki svæðisins og er hún því í raun í andstöðu bæði við lög um náttúruvernd og stefnu Reykjavíkurborgar.

Hafrannsóknastofnunin tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í athugasemdum Náttúrufræðistofnunar. Hafrannsóknastofnun bendir á að fjaran á svæðinu einkennist af leirum og klóþangsklungri en það eru vistgerðir sem njóta verndar og hafa mjög hátt verndargildi. Þessi svæði séu því mikilvæg fyrir smádýralíf, fugla og sem uppeldissvæði fiska segir m.a. í umsögn stofnunarinnar. Í umsögn skipulagsstofnunar er tekið undir þau sjónarmið sem koma fram hjá Hafrannsóknastofnunin. Þar segir að landfylling í tengslum við uppbyggingu íbúðahverfis í Skerjafirði myndi skerða náttúrulegar fjörur í Reykjavík, sem eru á undanhaldi.

### Röskun á óröskuðu landi

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan mun raska óröskuðu landi sem er mikilvægt búsvæði og hefur

hátt verndargildi. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að fram komi hvernig tillagan sé í samræmi við meginstefnu aðalskipulagsins. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um aðra valkosti

### Herminjar og aðrar fornleifar

Minjastofnun gerir einnig sínar athugasemdir og bendir einnig á að á uppbyggingarsvæðinu sé að finna bæði fornleifar og herminjar sem tengjast hernámi Íslands og atvinnusögu borgarinnar. Megi þar nefna stöplabryggju við gamla oliubirgðastöð Shell. Þá er einnig minnst á byssustæði og dráttarbraut sem herminjar sem séu sýnilegar á yfirborði. Einnig flugskýli Flugfélags Íslands frá árinu 1940. Þessar minjar þurfi að varðveita og fella inn í fyrirhugaða byggð í Skerjafirði.

### Meiri umferðarþungi

Vegagerðin bendir á að samhliða auknum íbúafjölda í hverfinu þurfi að skoða nánar umferðarsköpun með tilliti til nærliggjandi stofnvega, sem nú anna mikilli umferð, svo sem Suðurgötu og Njarðargötu. Þá benda fulltrúi Pírata, íbúasamtaka og fulltrúi foreldrafélaga í íbúðaráði Vesturbæjar á að umferð um Hringbraut muni aukast við það að umferð frá nýja hverfinu verði beint inn á hana. Þá sé fjarlægð við stoppistöðvar borgarlínu of mikil og tengja þurfi hverfið betur við hana.

# Myndlistarskólinn í Orkuhúsið

Flest bendir til að Myndlistarskólinn í Reykjavík sem verið hefur til húsa í JL húsinu við Hringbraut um árabíl muni flytjast að Suðurlandsbraut 34 eða í gamla Orkuhúsið innan tíðar. Á fundi skipulagsfulltrúa Reykjavíkur 12. október sl. var lögð fram fyrirspurn fasteignafélagsins Reita og Myndlistarskólans í Reykjavík um að starfrækja skólann í húsnæðinu við Suðurlandsbraut 34.

Um nokkurt skeið hefur verið leitað að hentugu húsnæði fyrir Myndlistarskólann sem væri meira miðsvæðis í Reykjavík en endi Hringbrautarinnar við Ánanaust er. Nú virðist vera fundinn lausn á því máli. Starfsemi Orkuhússins var flutt í Urðarhvarf í Kópavogi á liðnu hausti en á Suðurlandsbraut voru starfræktar skurðstofur, mótataka lækna, sjúkrahjálfun ásamt fleiru. Nú síðast var húsið nýtt til sýnatöku vegna Covid 19 faraldursins. Fasteignafélagið Reitar



Gamla Orkuhúsið við Suðurlandsbraut 34 mun að líkindum hýsa Myndlistarskólann í Reykjavík í framtíðinni.

á lóðina sem húsið stendur á sem nær frá Suðurlandsbraut og upp í Ármúla. Gert er ráð fyrir íbúðabyggingum þar í framtíðinni

og að iðnaðarhúsnæði við Ármúla muni víkja. Engar hugmyndir eru um að Orkuhúsið verði látið víkja fyrir nýjum byggingum.

Kjötkompani

NAUTALUND

WELLINGTON

*Munið að þanta tímanlega*

[kjotkompani.is/jolin](http://kjotkompani.is/jolin)

GRANDI

1910 Hágæða 2009  
— KIÖTVÖRUR —

*Hafnarfjörði & Grandi*

[www.kjotkompani.is](http://www.kjotkompani.is)



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

# Opnar lögmannsstofu fyrir heldri borgara

**E**lín Sigrún Jónsdóttir lögmaður hefur nýverið stofnað fyrirtæki í Vesturbænum, sem hún nefnir BÚUM VEL. Þar veitir hún sérhæfða lögfræðipjónustu meðal annars vegna búsetuskipta við sölu og kaup fasteigna. Hún leggur sérstaka áherslu á pjónustu við fólk sem komið er yfir miðjan aldur sem stundum er kallað heldra fólk. BÚUM VEL er staðsett í Skejfarfirði, en flytur á næstunni í Grósku, við Bjargargötu 1 í Vatnsmýrarhverfinu, í nýja húsinu sem stendur við hlið höfuðstöðva Íslenskrar erfðagreiningar. Markmið fyrirtækisins er m.a. að gera ferlið við búsetuskipti að ánægjulegri upplifun sem viðskiptavinir geta treyst frá upphafi til enda.

## Ánægð með að hafa tekið skrefið

En af hverju ákvað Elín að fara þessa leið í atvinnulífina? Hún kveðst hafa staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að vera orðin sextug og vantað vinnu. "Ég hafði starfað sem framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna um sex ára skeið en varð að láta af störfum í upphafi árs vegna mygluskemmda í húsnæði kirkjugarðanna sem voru farin að hafa veruleg áhrif á heilsu mína. Þegar ég hafði loksins náð heilsu í lok sumars fór ég að velja vöngum yfir því við hvað mig langaði helst að starfa. Ég spurði mig opinna spurninga á borð við: hvað kann ég best, hver er reynsla mín og ástríða? Svárið kom til mín. Það var reynsla af pjónustu við tvönn hjón á síðasta ári sem mér þótti einkar gefandi. Þar fann ég glögg hve vel öll starfsreynsla mín, menntun og hæfileikar nutu sín. Önnur hjónin voru að selja

einbýlishús þar sem þau höfðu búið í 30 ár og voru að kaupa sér íbúð í nýbyggingu. Eldri hjónin voru að selja sérhæð og kaupa sig inn í íbúð á hjúkrunarheimili. Ég fann í báðum þessum tilvikum að þörf var fyrir pjónustu af þessu tagi og mér fannst einstaklega gefandi að þjóna þessum góðu hjónum. Þau eru nú á draumastað miðað við aðstæður eins og þær eru í dag. Þau treystu mér í óöryggi sínu og vildu að ég aðstoðaði þau og þau hafa tjáð mér hve mikilvæg þjónusta mín var þeim. Þarna gerði ég mér grein fyrir því að með reynslu mína og þekkingu að leiðarljósi gæti ég komið til móts við þarfir fólks við búsetuskipti," segir Elín og er ánægð með að hafa tekið skrefið og segist aldrei hafa verið í skemmtilegra starfi.

## Brennandi áhugi á húsnæðismálum og velferð fólks

Elín hefur lengi haft mikinn áhuga á húsnæðismálum, hún ihugaði á menntaskólaárunum að fara í innanhússhönnun en lögfræðin varð ofaná. Henni hefur lengið verið ofarlega í huga að fólk líði vel í húsnæði sínu, hafi fallegt í kring um sig og heiti fyrirtækisins tekur mið af því, í því felst áskorun um að við búum eins vel og aðstæður okkar leyfa okkur hverju sinni.

Elín starfaði hjá Eignamiðlun strax eftir útskrift úr háskólanum og fór síðan að vinna við lögmennsku, síðar kom hún að margvíslegri löggjöf á sviði húsnæðismála, hún var fyrsti forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem nú er Umboðsmaður skuldara, þá starfaði hún fyrir dómstólana í ein tíu ár og loks í útfararpjónustunni eins og áður hefur komið fram. Reynslan frá Eignamiðlun hefur alltaf verið henni mikilvæg og hún segist alla tíð hafa fylgst vel með fasteignamarkaðinum og að viðskiptavinir, vinir og fjölskylda hafa jafnan leitað til hennar með aðstoð við gerð kauptilboða, yfirlestur kaupsamninga og annarra löggerninga á sviði erfðaréttar.

## Viðskiptavinirnir njóta viðskiptavildar

Það er mér einkar ljúft að



Elín Sigrún Jónsdóttir lögmaður.

viðskiptavinir mínir njóta viðskiptavildar minnar hjá tveimur öflugum fasteignasölum. Það er góðu samstarfi að þakka að unnt er að bjóða þjónustuna, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Það þýðir í raun að viðskiptavinir mínir greiða ekkert auka gjald fyrir þjónustu mína við fasteignasölu, því fasteignasölnar Eignamiðlun og Torg í Garðabæ veita viðskiptavinum mínum afslátt af þjónustu þeirra sem nemur þóknun minni. Þetta eru fasteignasölur sem vilja veita fullorðnu fólk aukna þjónustu og meta það þannig að þjónusta mín sé þessum hópi mikilvæg. Þetta eru fasteignasölur með þjónustumetnað.

## Fólk hikar við ferlið

Til hvaða fólks er Elín að höfða? Hún kveðst aðallega líta til jafnaltra sinna og þeirra sem eldri eru. "Við hjónin skiptum einmitt fyrir rúmum tveimur árum og fórum í húsnæði sem hentar aðstæðum okkar mjög vel. Við seldum húsið sem við höfum búið í yfir 20 ár og þar áður fjölskylda eiginmanns míns í rúm 100 ár.

Það var ekki einfalt skref, svo ég þekki af eigin raun mikilvægi þess að taka skrefið þó það sé um margt flókið, við sjáum a.m.k. ekki eftir því í dag. Auðvitað er erfitt að taka þá stóru ákvörðun að selja íbúðarhúsnæði þar sem fjölskyldan hefur búið lengi og átt góðan tíma. Sérstaklega reynist það mörgum flókið þegar árin færast yfir. Þarfir okkar fyrir húsnæði eru ekki þær sömu þegar við erum 35 ára eða þegar við erum komin yfir sextugt. Ég heyrir oft fólk segja þegar það hefur selt húsið og flutt í hentuga íbúð. "Ég vildi að ég hefði gert þetta fyrir 10 árum".

## Óöryggið einkennir fólk

"Mér finnst óöryggið einkenna fólk í þessum sporum og það er eðlilegt. Við erum að höndla með lífsstarfið í flestum tilvikum og því mikið í húfi." Elín segir að fólk sé ekki endilega að minnka við sig því aðstæður og þarfir eru fjölbreyttar. "Sumir vilja fara í fjölbýli þar sem ekki er lóð til að sjá um en aðrir vilja láta drauminn um lítið hús rætast, þar sem eru ræktunarmöguleikar eða

nánd við náttúruna. Sumir geta ekki heilsu sinnar vegna búið á tveimur hæðum og hentar betur að búa á einni hæð. Það eru ekki allir á sama stað og við hjónin sem stækkuðum við okkur þó við séum nú bæði á sjötugsaldri en við eigum 15 ára tvíbura, við færðum okkur því í ellismellaíbúð með unglingaívafi eins og við segjum stundum, í þægilegt einbýli á einni hæð, án mikillar garðvinnu, eins og við höfðum áður."

## Talsmaður viðskiptavina

"Það má segja að ég sé oft á tíðum talsmaður eða umboðsmaður viðskiptavina minna gagnvart mögulegum kaupendum, seljendum og fasteignasölu," segir Elín. "Það þýðir að ég er við hlið þeirra alla leið í söluferlinu, ég sé oftast um samskiptin og legg mig fram um að folki mitt skrifi undir sölusamning og kaupsamning af öryggi og með gleði."

## Aðstoð við uppgjör dánarbúa

Elín býður einnig fram aðstoð við að ganga frá uppgjóri dánarbúa, þar nýtir hún vel reynslu sína af þjónustu við syrgjendur og af rekstri lögfræðideildar útfararstofunnar. Hún nefnir nýlegt dæmi þar sem einhleyp og barnlaus kona hafði arfleitt ellefu aðila að eignum sínum. "Hún hafði alltaf gefið tíund af tekjum sínum til góðgerðarmála og hún arfleiddi þessi líknar- og styrktarfélag að eignum sínum. Nú var ég að sjá um að selja fasteign hennar og mun sjá til þess að fjármunirnir fari þangað sem hún óskaði."

Þá veitir Elín almenna lögmennspjónustu, óháð aldri fólks, s.s. samninga er varða erfðir, fjármál hjóna og fjárskipti, s.s. kaupmála, erfðaskrár, skilnaðarsamninga auk þjónustu við dánarbú. Ég er svo þakklát fyrir viðtökurnar, það hefur greinilega verið þörf fyrir þjónustuna ég hef haft mörg og áhugaverð verkefni frá fyrsta degi og ég er svo sannarlega í mínu draumastarfi. Ég hef átt því láni að fagna að vinna fyrir skemmtilegt og gott fólk sem ég hef mikla ánægju af að þjóna. Nánar má lesa um nýja fyrirtækið á [www.buumvel.is](http://www.buumvel.is)

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára ábyrgð

**Vandaðir krossar á leiði!**

**JSLJÓSSAMÍÐJAN**  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

**HJÁLPARSÍMI  
RAUÐA KROSSINS**

**1717**

**Rauði Kross Íslands**

- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

**Rauði kross Íslands**

**coral**<sup>®</sup> Dyra og hreinsimottur  
Stoppar 90% óhreininda


**KJARAN**  
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

**Forbo**  
FLOORING SYSTEMS



# ELLERT

Endurminningar Ellerts B. Schram



Óþarft er að kynna landsliðsfyrirliðann, KR-inginn, alþingismanninn og ritstjórnann Ellert B. Schram. Hann hefur komið víða við á langri ævi og hvarvetna verið í forystuhlutverki. Ellert var meðal annars formaður KSÍ, forseti ÍSÍ, varaforseti Knattspyrnusambands Evrópu og hefur nýlega látið af störfum formanns Félags eldri borgara á Höfuðborgarsvæðinu. Ellert rekur hér lífshlaup sitt í hispurslausri og líflegri frásögn, allt frá uppvaxtarárum á stóru heimili í Vesturbænum fram til dagsins í dag. Bókina prýðir fjöldi mynda.

## SKRUDDA

[skrudda@skrudda.is](mailto:skrudda@skrudda.is)

s. 552-8866

## Kirkjuhúsið selt



Laugavegur 31. Glæsihúsi í hjarta miðborgarinnar.

Gengið hefur verið frá sölu á húsnæði Biskupsstofu eða Kirkjuhúsinu við Laugaveg 31. Fyrirtækið S&H Invest hefur fest kaup á húsinu. Félagið er í eigu Valdimars Kristins Hannessonar og fjölskyldu hans. Valdimar stofnaði fatamerkið Nikita ásamt Rúnari Ómarssyni og Aðalheiði Birgisdóttur sem síðar var selt til finnsku sporvörusamsteypunnar Amer Sports. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og fyrirtækjasalan Suðurver hafa greint frá kaupnum.

Nýir eigendur telja sig sjá tækifæri í þeirri þróun Laugavegarins að færast meira yfir í göngugötu og ætla að koma á fjölbreyttri starfsemi í húsinu. Húsið geti leikið lykilhlutverk við að glæða miðborgina og Laugavegin auknu lífi í samstarfi við borgar- og skipulagsyfirköld. Húsið er teiknað af Einari Erlendssyni, húsameistara fyrir Marteín Einarsson, kaupmann. Verslunin hætti árið 1965. Eftir það fór ýmis starfsemi fram í húsinu og Alþýðubankinn hafði um tíma aðsetur þar. Kirkjan hefur lengi reynt að selja Laugaveg 31. Fyrir þremur árum bárust nokkuð tilboð en þeim var öllum hafnað, meðal annars staðgreiðslutilboði frá M3 Capital ehf.

## Velheppnuð hinsegin vika í Frosta

Hin árlega hinsegin vika Tjarnarinnar fór fram með pomp og prakt í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar vikuna 12. til 16. október. Til stóð að halda sameiginlega viðburði með öllum félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar en það var ekki hægt og því var sú ákvörðun tekin að hver félagsmiðstöð fyrir sig skildi halda úti sinni eigin dagskrá fyrir nemendahóp sinna skóla.



Í Frosta var nóg um að vera í hinsegin vikunni og var vel mætt hjá nemendum Hagaskóla en mætingin í Frosta hefur verið mjög góð í byrjun vetrar. Vikan hófst á því að félagsmiðstöðin var skreytt frá toppi til tólar með allskonar hinsegin fánum. Á þriðjudaginn var horft á raunveruleikabættina „RuPaul's Drag Race“ á dagopnun í Hagaskóla. Hinsegin fræðsla var á dagskrá á miðvikudeginum og fundu þá starfsmenn og unglingar allskonar fræðsluþætti í sameiningu og horfðu á saman. Á fimmtudeginum fóndruðum við skartgripni saman og síðan var vikunni lokað með allsherjar hinsegin spurningakeppni á föstudeginum. Spurningakeppnin var gott tækifæri fyrir unglingana til þess að sýna hvað þau höfðu lært í vikunni. Einstaklega skemmtilegt og vel heppnuð vika.

## Vísindapema hjá Tjörninni

Frístundaheimili Tjarnarinnar eiga í góðu innbyrðis samstarfi og eitt af því sem þau gera til að tryggja bæði gjöfult samstarf og samræmingu í þjónustu er að vera mánaðarlega með sameiginlegar þemavikur. Þemavikurnar eru einnig kjörin leið fyrir okkur til að innleiða menntastefnu Reykjavíkur og setja ákveðna þætti hennar í brennidepilinn tímabundið en grundvallarþættir hennar eru fimm; félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði og mynda þeir rauða þráðinn í öllu starfinu okkar.

Þema októbermánaðar var vísindi og tilraunir og höfðu bæði krakkagormar og starfsmenn ótrúlega gaman af því að bregða sér í hlutverk vísindamanna og fræðast um vísindi og fá tækifæri til að framkvæma sjálf hinar ýmsu tilraunir sem gáfu þeim aukna innsýn inn í það hvernig efnisheimurinn virkar. Við fengum frábæran efnivið lánaðan frá Mixtúru, búnaðarbanka SFS lánaðan, eins og sýndarveruleikagleraugu, Curiscope bol, þar sem hægt er að skoða einstök líffæri í miklu návígi með snjalltækjum og sýndarveruleikagleraugunum, lítill vélmenni og margt fleira ótrúlega flott og fræðandi dót. Við ræddum líka sérstaklega við krakkana um það hvað það skiptir okkur miklu máli að vera með eldhuga sem eru óhræddir við

að takast á við áskoranir, hugsa út fyrir boxið og skora hefðbundnar hugmyndir á hólmi og lögðum áherslu á það að brjóta upp kynjaðar staðalmyndir um vísindamenn og gerðum þekktum vísindakönungum og framlagi þeirra því alveg sérstaklega góð skil. Hver veit nema við höfum náð að sá fræjum sem verða að einhverju stórkostlegu sem við öllum eigum eftir að hafa gagn af einhverjum daginn? Við höfum annars heyrt því fleygt að einhverjir hafi óskað þess að vísinda- og tilraunavikan myndi aldrei enda, svo skemmtileg hafi hún verið og góðu fréttirnar eru að hún þarf ekki að gera því við höfum endalaus tækifæri í frístundastarfinu til að vinna með áhugasvið barnanna og ekkert sem hindrar okkur í halda áfram að gera vísindum og tilraunum áfram góð skil í starfinu. Næsta þemavika okkar er svo barnasáttmálavikan sem er vikuna 16. til 20. nóvember, en barnasáttmálinn á einmitt afmæli 20. nóvember þannig að við ætlum að vera með eitthvað skemmtilegt afmælishúllumhæ í gangi þá, jafnvel þó svo Covid sé smá að stríða okkur. Meira um það síðar.



Krakkarnir brugðu sér í sýndarveruleika.



Verið að skreyta eldfjöll í Frosta.



Sum brugðu sér í vísindaakademíu.



Lava lamp eða hraunlampi var eitt af því sem var búið til í hinsegin vikunni.



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)



107 REYKJAVÍK EFTIR AUÐI JÓNSDÓTTUR & BIRNU ÖNNU BJÖRNSDÓTTUR

# FYNDIN & HÁRBEITT!

„Þessi satíríska ærslasaga úr samtímanum fær mig bæði til að langa í tikka masala og fleiri sögur um ást á pöbbum.“

DÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR

„Ég sá þessar litríku og margbrotnu persónur strax fyrir mér lifna við fyrir framan kvikmyndavélarnar!“

INGA LIND KARLSDÓTTIR, FRAMLEIÐANDI

„Skemmti mér konunglega!“

ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR, BÆJARSTJÓRI

„Ég legg til að Guðný Halldórsdóttir leikstýri myndinni. Þetta eru týpur á hennar level.“

ÞÓRÐÍS GÍSLADÓTTIR, RITHÖFUNDUR

## AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

# Hagaborg er 60 ára

Hagaborg er 60 ára um þessar mundir. Leikskólinn við Fornhaga í Vesturbæ Reykjavíkur, sem á sér einstaka sögu. Barnavinafélagið Sumargjöf byggði húsið og setti á stofn fjögurra deilda dagheimili sem tók til starfa þann 14. nóvember árið 1960. Sú starfsemi var einungis á neðri hæð hússins, en á efri hæðinni hefur margs konar starfsemi farið fram, sem velflest tengist börnum á einhvern hátt. Sumargjöf var þar með skrifstofu sína og fundarsal til langs tíma. Þar var ljósastofa Hvítabandsins í nokkur ár og um tíma íbúð fyrir forstöðukonu dagheimilisins. Skrifstofur Dagvistar barna voru á efri hæðinni þar til þær fluttu í Hafnarhúsið.

Eftir að skrifstofa Dagvistar barna flutti í Hafnarhúsið var efri hæðinni í Hagaborg breytt töluvert og sett á stofn skóladagheimili sem hét Hagakot. Þegar skóladagheimili borgarinnar voru lögð niður fékk Melaskóli húsnæðið til afnota fyrir skólasel eða lengda viðveru yngri barna. Árið 1997 keypti Reykjavíkurborg húsið af Sumargjöf, og um tíma ríkti nokkur óvissa um framtíðarhlutverk þess. Að endingu varð niðurstaðan sú að Hagaborg fengi allt húsið fyrir sína starfsemi. Vorið 1999 hófust gagngerar endurbætur og breytingar á húsinu og lauk þeim sumarið 2000.

### Fimm deilda leikskóli

Í dag er Hagaborg fimm deilda leikskóli og dvelja þar að jafnaði 94 börn samtímis á aldrinum eins til sex ára. Dags daglega koma þar saman um það bil 120 einstaklingar til að læra saman í gegnum leik og góð samskipti. Ég er fullviss um að Hagaborg eigi sérstakan stað í hjörtum margra, enda er listinn langur yfir fyrrverandi og núverandi hagaborgara. Fyrir hönd starfsmanna og barna í Hagaborg, óska ég leikskólanum til hamingju með 60 árin.



Leikskólinn Hagaborg við Fornhaga.



Megi Hagaborg lengi lifa.

Með kveðju.  
Ólafur Bjarkason leikskólalastjóri í Hagaborg.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**

## Vilja breytingar á Eimskipafélagshúsinu

Teiknistofan Tröð hefur sótt um leyfi fyrir breytingum á húsinu fyrir hönd eigandans LF2 ehf. sem er Eik fasteignafélag. Erindið hefur verið til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg og var samþykkt á fundi byggingarfulltrúa fyrir skömmu. Samkvæmt umsókninni stendur til að gera breytingar á 1. hæð Pósthússtrætis 2 og hluta Hafnarstrætis 9 til 11 ásamt minniháttar breytingum á kjallara Pósthússtrætis 2. Húsið er friðað og allar breytingar á friðuðum húsum þurfa samþykki þar til bærra yfirvalda.

Pósthússtræti 2 er steinsteypuhús reist árið 1919. Hönnuður var Guðjón Samúelsson, arkitekt og húsameistari ríkisins. Húsið er eitt af mörgum meistaraverkum hans. Húsið var stækkað til vesturs árið 1979 í samræmi við frumteikningar Guðjóns. Hönnuður var Halldór H. Jónsson arkitekt. Menntamálaráðherra friðaði húsið árið 1991. Eimskipafélag Íslands reisti húsið fyrir skrifstofur félagsins. Árið 2004 var það selt og



Pósthússtræti 2 oftast kennt við Eimskipafélagið.

í framhaldinu var því breytt í hótél sem fékk nafnið Radisson Blu 1919.

## As We Grow blæs til sóknar

Íslenska fatahönnunarmerkið As We Grow er að blása til sóknar. Fyrirtækið stendur undir nafni og stækkar nú verslun og vörulínu As We Grow hefur vaxið jafnt og þétt síðastliðin ár og er nú búíð að festa sig í sessi sem eitt helsta barnafatamerkið á markaðnum í dag. Sagan um peysuna sem íslensk móðir þrjónaði á son sinn og fór á flakk um heiminn í áratíðir, er á margra vitorði í dag, en peysan er enn í notkun.

Þetta var kveikjan að stofnun As We Grow árið 2012, en frá upphafi hefur fyrirtækið haft nærgætni við umhverfið og sjálfbæra framleiðslu að leiðarljósi. As We Grow er eina íslenska fatahönnunarmerkið sem hefur hlotið Hönnunarverðlaun Íslands, sem eru æðstu verðlaun á sviði hönnunar og jafnframt hlotið hin virtu Junior Design Awards mörg ár í röð bæði fyrir hönnun og umhverfisvitund.

Fyrirtækið hefur nú blásið til sóknar og fékk nýverið einn hæsta styrkinn frá Hönnunarmiðstöð Íslands til að próa nýja fullorðinslínu, en hingað til hefur mesta áherslan verið lögð á barnafatnað.

Verslunin í Garðastræti 2 hefur nú verið stækkuð ásamt auknum umsvifum erlendis, en merkið hefur vakið mikla athygli víða erlendis og þá einkum í Asíu. Þá er gaman að segja frá því að eitt þekktasta tískumerki í heimi hafði samband í sumar og tók upp auglýsingu með fatnaði frá As We Grow, sem er mikil viðurkenning og hvatning.

Mikil vinna hefur verið lögð í að próa og bæta íslenska vefverslun As We Grow undanfarna mánuði og hefur netsalan margfaldast í kjölfarið. Með því hefur fyrirtækinu tekist að koma enn frekar til móts við þarfrar viðskiptavina, en til jóla verður boðið upp á fríar heimsendingar sem hafa mælst mjög vel fyrir.



## FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 11-16  
alla virka daga

**Verið velkomin**

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

# Vilja byggja á bakvið “Stelluhúsið”

Reykjavíkurborg hefur borist fyrirspurn Stefáns Arnar Stefánssonar arkitekts samkvæmt uppdráttum Argos ehf. um hvort leyfi fái til að reisa nýbyggingu á lóðinni við Bankastræti 3. Fyrir er þar fríðað hús úr tilhöggnu grágrýti sem var reist árið 1881. Snyrtivörverslunin Stella hefur verið rekin í húsinu síðan 1942 eða í 78 ár.

Fram kemur í greinargerð með fyrirspurninni að samkvæmt tillögu að deiliskipulagi fyrir reitinn frá árinu 2005 hafi verið heimilað að byggja um 1.310 fermetra hús á lóðinni Bankastræti 3. Í nóvember 2018 fór fram samkeppni um nýja viðbyggingu og stækkun Stjórnarráðshússins austast á reitnum og að Bankastræti. Deiliskipulag vegna framkvæmda við stjórnarráðið var ekki gert og grenndarkynning fór heldur ekki farið fram. Lóðarhafinn er Herbertsprent ehf. og vegum hans er ætlunin að reisa fjögurra hæða nýbyggingu, alls 1.173 fermetra. Gamla steinhúsið á lóðinni er 175 fermetrar. Við hönnun nýbyggingar og skipulags á lóðinni hefur verið horft til þess að skerða ekki ásýnd gamla steinhússins við Bankastræti sem var friðlýst árið 2011 skv. lögum um húsafriðun.

Herbertsprent á sér langa sögu. Herbert Sigmundsson prentari stofnaði Herbertsprent 1929 og var það til húsa í Bankastræti 3, húsi sem faðir hans Sigmundur Guðmundsson prentari hafði byggt fyrir prentsmiðju sína árið

1880 til 1881. Eftir lát Herberts tók sonur hans Haukur við rekstri prentsmiðjunnar og var hann prentsmiðjustjóri frá 1931 til 1959. Hann gerðist síðan kaupsýslumaður. Steinhús prentsmiðjunnar í Bankastræti “Stelluhúsið” hefur lengi verið eitt af kennileitum miðbæjar Reykjavíkur.



Á þessari teikningu má sjá hvernig fyrirhuguð nýbygging við Bankastræti 3 gæti litið út. “Stelluhúsið” er fremst á teikningunni.

# POC



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi  
s. 551 1266 | utfor@utfor.is  
utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM  
ALLAN SÓLARHRINGINN

Eyesland býður upp á gott úrval af útivistar- og íþróttagleraugum. Við erum einnig með góðar lausnir fyrir sjóngler, sólgleraugu og annað sem snýr að góðum lausnum fyrir útivistina.

Skoðuðu vefverslun okkar [eyesland.is](http://eyesland.is)



gleraugu

## Nýjar vörur streyma inn



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

## Thorvaldsensfélagið vill byggja við í Austurstræti

Thorvaldsensfélagið hefur sótt um leyfi til að byggja eina hæð ofan á viðbyggingu í bakgarði og gera flóttaleið af annarri hæð húss á lóð nr. 4 við Austurstræti. Thorvaldsensfélagið hefur rekið verslun með hannyrðir og annað í Austurstræti 4 í bráðum 120 ár.

Thorvaldsensfélagið er góðgerðafélag stofnað af 24 reykvískum konum árið 1875. Félagskonur eru um 100 í dag og sinna þær ýmsum verkefnum fyrir félagið í sjálfböðavinnu. Félagið rekur verslunina Thorvaldsensbasar í Austurstræti og hefur gert samfleytt frá árinu 1901. Þær hafa gefið ýmislegt til sjúkrahúsa og fleira og halda kökubazar árlega sem vakið hefur athygli.



Þessi mynd er táknræn fyrir sögu Thorvaldsensfélagsins. Félagskonur að selja amerískum hermönnum vörur á stríðsárunum.

## Laugavegur

# Nýtt deiliskipulag fyrir annan áfanga að göngugötu

Samþykkt var á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. september 2020 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. október 2020 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem annan áfanga að göngugötu.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið verði afgreitt á fyrsta ársfjórðungi ársins 2021 og að það taki gildi fyrir 1. maí nk. Af þeim sökum var ákveðið að framlengja núverandi göngugötutímabil yfir deiliskipulagsferlið eða til 1. maí 2021. Í frétt frá borginni segir að göturnar hafi vakið ánægju gesta og mikið mannlíf hafi skapaðist á svæðinu. Jólstemmingin sé um þessar mundir að taka yfir í skreytingum og svo verða einnig uppákomur þegar líður á veturinn.



Laugavegur á meðan billinn brunaði þar um.

## Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími 585 4800  
thjonusta@eignaumsjon.is  
eignaumsjon.is

## Sjóvarnargarðurur við Eiðisgranda breikkaður

Nú er unnið að því að breikka sjóvarnargarðinn við Eiðisgranda. Fyrsti áfangi verksins er meðfram Eiðisgranda. Annar áfangi verksins sem er breikkun garðsins meðfram Ánanaustum verður unninn á næsta ári. Grjóti hefur verið safnað í haug við Ánanaust. Heildarkostnaður verkefnis er áætlaður 200 milljónir krónur.

Hlaðið verður upp undirlagi framan við garðinn og hann svo endurhlaðinn og breikkaður. Með því er gert ráð fyrir að aldan stöðvist fyrr á garðinum og að hún nái ekki yfir hann. Hæð garðsins verður svipuð og hæð núverandi garðs en sjóvörnin felst í breiðari varnargarði. Fyrirhugað er að þessum fyrstu framkvæmdum við Eiðisgranda verði fyrir áramót.



Efni í sjóvarnargarð komið á Eiðisgranda.

Hverfið mitt

# Hugmyndasöfnun hafin

Hugmyndasöfnun fyrir lýðræðisverkefnið „Hverfið mitt“ er hafin og stendur til 20. janúar 2021. Nú eru íbúar beðnir um að koma með hugmyndir að dýrari verkefnum enda hefur fjármagn verið nær tvöfaldað.

Þetta er í niunda sinn sem hugmyndasöfnunin fer fram og 787 hugmyndir hafa orðið að veruleika síðan verkefnið hófst. Að þessu sinni stendur hún lengur yfir og er óskað eftir hugmyndum að stærri verkefnum frá íbúum í hverfunum. Verkefninu hefur nú verið breytt þannig að það nær yfir tvö ár. Fyrst kemur hugmyndasöfnun en síðan er farið í íbúakosningar um hugmyndirnar. Með þessu móti gefst tækifæri til að auka samráð við höfundu hugmyndanna og íbúa í hverfunum, bæði hvað varðar hönnun á verkefnum og framkvæmd þeirra.

Einnig hefur fjármagn í framkvæmdapottinn verið nánast tvöfaldað og verður að þessu sinni 850 milljónir króna í stað 450 milljóna áður.



Ýmsar lagfræðingar á möguleikum til útivistar og leikja hafa orðið til vegna hugmyndasöfnunarinnar.

## Grétar Snær til KR

Grétar Snær Gunnarsson leikmaður Fjölnis er sagður vera að ganga í raðir KR í efstu deild karla í knattspyrnu. Grétar er 23 ára gamall fjölhæfur leikmaður sem getur leyst stöður í vörninni og á miðsvæðinu.

Hann lék stórt hlutverk í slakasta liði efstu deildar í sumar en Fjölnir vann ekki leik í 18 tilraunum. Grétar ólst upp í FH en hefur að auki spilað með HK, Víkingi Ólafsvík og nú síðast Fjölni. Íslandsmótin í knattspyrnu voru blásin af í síðustu viku vegna kórónuveirunnar og félögin skoða nú flest leikmannamál sín.



Grétar Snær Gunnarsson.

## Guðjón Baldvins aftur til KR

Guðjón Baldvinsson hefur gert tveggja ára samning við KR. Guðjón þarf ekki að kynna fyrir KR íngum en hann lék í KR treyjunni árin 2008 til 2011 og varð m.a. Íslands og bikarmeistari með liðinu.

Guðjón er fæddur í Garðabæ og hóf feril sinn árið 2003 með Stjörnunni. Hann samdi við KR

Reykjavík fyrir tímabilið 2008 áður en hann flutti til Svíþjóðar til að spila með GAIS tímabilið 2009. Hann lék síðan með KR Reykjavík, Halmstad, FC Nordsjælland og Stjörnunni. Hann flutti að láni til indverska félagsins Kerala Blasters í janúar 2018. Guðjón lék frumraun sína í landsliðinu í mars 2009.



Guðjón Baldvinsson.

Þú finnur  
**fallega jólagjöf**  
hjá *Jens*

Skoðaðu úrvalið á [www.jens.is](http://www.jens.is)

**Nú er aðventan  
á næsta leyti!**

Erum með mikið úrval af kertum,  
skreytingarefni, krönsum, servíettum  
og jólas krauti.

Tökum einnig við pöntunum  
á aðventu- og útikrönsum í síma 552-6070  
og á [blomagalleri@simnet.is](mailto:blomagalleri@simnet.is)



**GETRAUNANÚMER KR**

**107**

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUT • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utforin.is](http://www.utforin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



**Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara**



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

**Webasto**

Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - [www.bilasmiðurinn.is](http://www.bilasmiðurinn.is) - [bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is](mailto:bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is)

**BYKO****98  
ljósa****LED útisería**  
SYSTEM 24, 10m,  
samtengjanleg.**7.595**

51880401

**49  
ljósa****LED útisería**  
SYSTEM 24, 3x0,4m,  
samtengjanleg.**5.795**

51880402

**Vinsæl  
vara  
ár eftir ár**

Hægt að tengja saman í lengjur allt að 3.000 ljósum. Warm white, cool white og mislitar. Bæði til beinar og sem grýlukerti (isicle). SYSTEM 24 er 24 volta kerfi og er því einstaklega orkusparandi. Perurnar eru höggþolnar og líftími getur orðið allt að 20.000 stundir. Hentar vel þeim sem vilja gera meira úr lýsingunni.

# Samtengjanlegar útiseríur

**SYSTEM 24****180  
ljósa****Útisería**

LED Golden 12m.

**3.595**

51881038

**360  
ljósa**

LED Golden 25m.

**5.295**

51881034

**Kastari**LED ljós,  
warm white.**5.695**

51880971

**Lýstu  
upp  
garðinn**

Liandi greinar

**895**

41140122

*Viðbrögð við Covid-19*  
**Afgreiðslutími Granda**  
Virkir dagar **8-20**  
Laugardagar **10-18**  
Sunnudagar **10-18**

*Þú getur séð afgreiðslutíma  
annarra BYKO verslana á byko.is*

**30  
ljósa****Útisería**LED warm white með  
glærri snúru.**1.895**

51880727

**Útisería**LED warm white með  
glærri snúru.**2.795**

51880728

**90  
ljósa****BLÁR** 19. nóvember  
**FIMMTUDAGUR****Fylgstu með tilboðum á  
facebook og á byko.is****BYKO**  
**GRANDI**  
KOMDU Í HEIMSÓKN!